

Ed.

773. Breytingartillaga

[125. mál]

við frv. til laga um húsaleigu.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

Við 35. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið skipar úttektarmenn íbúða eftir tillögum sveitarstjórna. Skal á hverjum stað skipa svo marga úttektarmenn sem sveitarstjórn telur nauðsynlegt, til þess að úttektargerð geti farið fram án tafar, eftir að leigutaki flytur úr íbúð og áður en hún er tekin til afnota á ný.

Tveir úttektarmenn skulu annast úttekt hverrar íbúðar. Úttektargerðir svo og allar virðingar í sambandi við þær skulu skrásettar í sérstakar bækur, er félagsmálaráðuneytið löggildir, en afhenda skal leigusala og leigutaka ókeypis afrit. Kostnaður við úttektar- og matsgerðir, þar með talin þóknun matsmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir reglum, sem félagsmálaráðuneytið setur.

Það er borgaraleg skylda að taka við útnefningu sem matsmaður íbúðarhúsnæðis.